

Athugið að þessi veiðistaðalýsing birtist í Veiðimanninum árið 1998.

Veiðistaðalýsing - FÁSKRÚÐ Í DÖLUM

Stangaveiðifélag Akraness er með á leigu hálfan veiðirétt í Fáskrúð í Dölum. Veiðirétturinn er leigður af eigendum jarðarinnar Glerárskóga. Hinn helmingur veiðiréttarins er leigður af Stangaveiðifélagi Reykjavíkur af Veiðifélagi Laxár í Dölum sem á jörðina Ljárskóga.

Fáskrúð hefur löngum þótt fjölbreytt og skemmtileg laxveiðiá. Þar hafa mest veiðst vel á sjötta hundrað laxar á einu sumri en meðalveiðin úr ánni á tímabilinu 1950-1995 var alls rúmlega 235 laxar. Hin síðari ár hefur veiðin dregist saman í Fáskrúð, líkt og í svo mörgum öðrum laxveiðiám, og veiði verið innan við 200 laxar undanfarin 2 ár. Meðaltal síðustu fimm ára er um 170-180 laxar á sumri.

Stangaveiðifélag Akraness, sem hefur haft ítök í Fáskrúð svo til allar götur frá árinu 1942, var stofnað 2. maí 1941 og er því annað elsta veiðifélag landsins, næst á eftir SVFR. Á mestu uppgangsárum í sögu félagsins, á tímabilinu frá 1965 fram yfir 1980, voru félagsmenn flestir um 350 og á þessum árum leigði félagið Flekkudalsá og Fáskrúð í Dölum auk þess sem það hafði Haukadalsá til helminga á móti öðrum leigutökum. Að sögn Kjartans Guðmundssonar, sem verið hefur formaður Stangaveiðifélags Akraness frá árinu 1991, er það helsta skýringin á fækkun félagsmanna nokkur undanfarin ár að verð á laxveiðileyfum hefur farið hækkandi. Þessarar þróunar varð fyrst vart upp úr 1980 eða um svipað leyti og verð veiðileyfa tók að hækka fyrir alvöru. Kjartan þekkir manna best leyndardóma Fáskrúðar og tók hann því vel er leitað var til hans og bað hann að lýsa veiðistöðum og staðháttum við ána.

36 merktir veiðistaðir

Fáskrúð á upptök sín á Gafllsheiði norður undir vatnamörkum á milli Dala og Bitrufjarðar tugi kílómetra frá sjó. Tvær megin árkvíslar mynda Fáskrúð og rennur áin í einum farvegi til sjávar um 20 kílómetra leið. Hið laxgenga svæði Fáskrúðar er um 12-14 kílómetra langt og nær það frá Katlafossi og að ósi skammt neðan brúar á þjóðvegi. Á þessu svæði eru 36 merktir veiðistaðir. Nafnið Fáskrúð, sem reyndar stendur fyrir fjölskrúðugleika, fer ánni vel því í henni eru fjölbreyttir og skemmtilegir veiðistaðir. Við byrjum ferðina við Katlafoss en skammt þar frá eru tóftir bæjarins Ljárskógasels. Þar fæddist Jóhannes Jónasson skáld sem síðar kenndi sig við Katlana og er þekktur sem Jóhannes úr Kötlum. Í eftirfarandi veiðileiðsögn er talað um suður- og norðurbakka árinna. Þótt þetta sé nokkur einföldun á staðháttum þá auðveldar það útskýringar og samkvæmt þessari skilgreiningu er vegurinn meðfram ánni á suðurbakkanum. En gefum Kjartani orðið:

Katlafoss

Þótt **Katlafoss (36)** sé talinn efsti laxveiðistaðurinn þá getur laxinn gengið upp fossinn, sem er í þremur þrepum, þegar vatn er hæfilega mikið. Hann kemst þó ekki langt upp fyrir fossinn því 300-400 metrum ofar er annar foss sem nefndur er Efrifoss eða Stórifoss og þess munu engin dæmi að lax hafi gengið upp fyrir hann. Á undanförunum árum hafa nokkrum sinnum fengist laxar á svæðinu milli fossa og haustið 2003 fékk einn veiðimaður t.d. 3 laxa þarna í veiðistað sem nefndur hefur verið Bergshylur. Aðrir staðir á þessu svæði eru Lukkupollur, Mjónastrengur og Efrifoss. Þannig er það þess virði að kíkja á „ólaxgenga“ svæðið.

Í fossprepunum fæst stundum lax á maðk og þá sérstaklega á efsta stallinum. Helstu veiðistaðirnir eru þó í strengnum neðan við fossinn og alveg niður í rennuna sem þarna er á milli klettsins og stórrar klappar sem stendur upp úr ánni rétt við suðurbakkann. Ágætt er að veiða þarna með flugu og best er þá að standa í eyrinni við norðurbakkann. Það hefur hins vegar reynst maðkaveiðimönnum best að standa á klöppinni norðan við fossinn og renna þaðan niður í strenginn. Kjartan segir að áraskipti hafi verið að því hve snemma sumars lax sé kominn upp í Katlafoss en hin seinni ár hafi jafnan orðið þar vart við lax í opnun eða fyrstu daga veiðitímabilsins. Segir Kjartan að ástæðan fyrir þessu sé örugglega sú að mörg undanfarin ár hafi laxaseiðum verið sleppt fyrir ofan Katlafoss en meira um það síðar.

Breiðan

Breiðan (35) nefnist næsti veiðistaður fyrir neðan Katlafoss. Þarna er best að kasta flugu enda er mikið af festum í botni. Laxinn liggur aðallega við tvo steina á miðri breiðunni og marir annar þeirra í kafi ef vatn er í meðallagi gott eða meira. Stundum veiðist lax einnig alveg uppi í kverkinni þar sem strengurinn rennur niður á breiðuna. **Laxhylur (34)** Þetta er einn af bestu veiðistöðunum í ánni og hefur hróður hans aukist undanfarin ár eftir að farið var að sleppa seiðum fyrir ofan Katlafoss. Virðist Laxhylurinn einkum hafa notið góðs af sleppingunum en fossinn síður. Laxhylur er, að flestra mati, einn skemmtilegasti veiðistaðurinn í ánni og þá einkum þegar veitt er á flugu. Hylurinn geymir oft mjög mikið af laxi og menn skyldu varast að sleppa því að renna í Laxhyl þótt laxinn sjáist ekki bylta sér. Það er nánast ómögulegt að skyggna hylinn svo nokkru nemi og best finnst er að kasta flugunni frá suðurlandinu yfir strenginn. Í miðjum strengnum eru klapparrásir í botninum og þar heldur laxinn sig oftast þótt hann geti legið í öllum hylnum og alveg niður á brot. Mesta veiðivonin er út af tveimur steinum sem eru undan suðurbakkanum fyrir miðjum strengnum. Sumum veiðimönnum finnst reyndar betra að kasta flugunni frá norðurbakkanum en í raun á ekki að skipta ekki máli hvorum megin staðið er við ána. Fyrir maðkaveiðimenn er best að reyna að vaða út fyrir ofan strenginn og láta agnið berast niður ána þótt það komi einnig til greina að þverkasta maðkinum, segir Kjartan.

Viðauki

Nokkru neðan við Laxhyl hefur myndast ágætis veiðistaður, **Viðauki (33 ½)**, en í honum fór að veiðast fyrir nokkrum árum og hann þá skráður nr 33 ½. Þar er fallegur strengur með góðu dýpi efst og rák niður strenginn. Ágætis dýpi er við norðurlandið en stórgrýtt við suðurlandið. Stór steinn er neðan við miðjan strenginn og í rétt við hann liggur oft fiskur. Mjög gott er að veiða á flugu þarna. Þar fyrir neðan eru engir veiðistaðir fyrr en komið er niður að veiðistaðnum Efra-Streng. Eflaust er hægt að verða var þegar vel er farið yfir, en tæpast tekur því að eyða tíma í að leita þarna að fiski.

Efri-Strengur

Efri-Strengur (33) er drjúgur veiðistaður en áramunur á veiðinni á þessum stað.

-Í Efri-Streng leynist yfirleitt lax þegar komið er fram yfir mitt sumar margir sem fá yfirleitt fisk þarna í hvert sinn sem þeir veiða í Fáskrúð.

Þetta er ágætur flugustaður og best er að standa sunnan við ána og kasta út í strenginn. Þarna getur laxinn legið nokkuð víða í strengnum og fer það eftir vatni hve neðarlega hann liggur. Í miklu vatni getur hann legið neðarlega en í litlu vatni er hann yfirleitt alveg uppi í hvítfyssinu.

-Ég lenti eitt sinn í skemmtilegri veiði í Efri-Steng. Við vorum að loka ánni 16. eða

17. september árið 1993 og aðfara nótt síðasta veiðidagsins gerði mikla snjókomu og hið versta veður. Við létum okkur þó hafa það að fara út um morguninn og ég og félagi minn byrjuðum veiðar í Laxhyl þar sem við fengum tvo laxa á flugu. Þegar við komum niður að Strengjunum var kominn kafaldsbylur og norðanrok og ég sat inni í bílnum á meðan félagi minn renndi með maðki í Efri-Strenginn. Svo mikil var snjókoman að ég sá ekki út úr bílnum og ég fór því fljótlega út til þess að gæta að félaganum og sá þá að hann var kominn með lax á færið. Greiðlega gekk að landa laxinum og ég tók við stönginni. Ég varð fljótlega svo loppinn á höndunum vegna kuldans að ég bað félagann að taka við. Hann skipti yfir í spón og setti í lax í fyrsta kasti. Á meðan voru félagar okkar við veiðar í Neðri-Barka og þar fengu þeir eina þrjá laxa á flugu. Vegna veðursins hættum við veiðum snemma og vorum komnir upp í hús um klukkan tíu um morguninn. Eftirtekjan í þessum afleitu skilyrðum var sjö laxar og menn ættu því ekki að láta hugfallast þótt það snjóí á þá við Fáskrúð, segir Kjartan.

Neðri-Strengur (32) er ekki eins góður staður. Þarna fengust þó nokkrir laxar sl. sumar en komið hefur fyrir að lítið sem ekkert hafi veiðst á þessum stað. Sjálfsagt er að reyna þarna veiðar, enda örstutt á milli Efri- og Neðri-Strengs. Neðri-Strengur gefur helst þegar mikið vatn er í ánni.

Barkar - matarkistur til forna

Næstu veiðistaðir, sem við komum að, eru Barkarnir. Í Efri-Barka sóttu ábúendur í Ljárskógaseli og Ljárskógum sér lax í matinn og var hann stunginn með ljóstri. Um þetta og annan fróðleik um Fáskrúð má lesa í bókinni Hver bær á sér sína sögu eftir Hallgrím Jónsson en hann var bróðir hins kunna skálds JÓNS frá Ljárskógum.

Í **Efri-Barka (31)** veiddi Kjartan sinn fyrsta lax í Fáskrúð og var hann tíu pund að þyngd. Það mun hafa verið árið 1965 eða 1966. Efri-Barkinn er fyrst og fremst maðkastaður, enda fellur áin þarna um nokkuð þröngt gljúfur og er staðurinn hyldjúpur. Laxinn liggur yfirleitt í strengnum við suðurlandið og getur hann legið niður eftir öllum hylnum.

-Þótt menn reyni aðallega veiðar með maðki í Efri-Barka þá veit ég til þess að fengist hafi góð fluguveiði á þessum stað. Þórður Ámason frá Akranesi var þarna einu sinni við veiðar í miklu vestanroki og stóð vindstrengurinn nokkurn veginn beint upp ána. Þórður tók sér stöðu með flugustöngina á eyrinni við norðurlandið og kastaði flugunni undan vindinum upp í rennuna. Laxinn tók fluguna í öldutoppunum og þarna fékk Þórður sex eða sjö laxa í beit, segir Kjartan en sjálfur lenti hann eitt sinn í harðvítugri baráttu við 12 punda lax á þessum stað. Laxinn tók spón, sem Kjartan kastaði frá eyrinni við norðurlandið, og til að gera langa sögu stutta þá þurfti Kjartan að elta hann eftir gljúfurbarminum alveg niður í Neðri-Barka og síðan aftur upp eftir áður en honum tókst loks að landa honum.

Rétt fyrir neðan hylinn í Efri-Barka er lítill pyttur sem nefndur hefur verið Barkakýli. Þar er hægt að hitta á fisk, einkum á göngu, en þetta getur þó ekki talist góður veiðistaður.

Neðri-Barki

Neðri-Barki (30) er oft nokkuð drjúgur veiðistaður en þarna hefur veiðin farið minnkandi eins og víðar í ánni á undanförunum árum.

-Mér finnst þetta skemmtilegur staður ef lax er þarna á annað borð en það er hundleiðinlegt að veiða þarna ef maður verður ekki var við fisk. Það á s.s. við um flesta veiðistaði en hvað varðar Neðri-Barkann þá skiptir það öllu máli, að mínu mati.

Hér áður fyrr var oft mikið af laxi í þessum hyl og laxinn gat þá legið frá því efst í hylnum og alveg niður á brotið neðst á breiðunni. Ef lítið vatn er í ánni þá liggur laxinn djúpt í hylnum en ef vatn er í góðu meðallagi aukast líkurnar á því að hann sé að finna neðst á breiðunni.

Það er mjög gott að kasta flugu frá eyrinni við norðurlandið og Neðri-Barkinn er, að mínu mati, betri flugustaður en maðkastaður. Menn verða bara að gæta þess að vaða yfir ána vel fyrir neðan brotið til þess að stygja ekki laxinn sem þar kann að liggja. Þeir, sem veiða á maðk, eiga hins vegar lítið erindi yfir á eyrina. Þarna er mikið atriði að sakka rétt og láta maðkinn berast með klettinum alveg niður undir brotið.

Stebbastrengur

Stebbastrengur (29) hefur verið góður veiðistaður nokkur undanfarin ár og þar er oft komið töluvert af laxi strax í byrjun júlí. Oftast er þessi staður veiddur frá eyrinni að sunnanverðu. Líkt og í fleiri dragám geta orðið hreinar náttúruhamfarir við Fáskrúð þegar áin ryður sig á vorin Það urðu miklar breytingar á staðnum í vorleysingum fyrir nokkrum árum og hafa þær líklega verið til bóta. Veiðimenn ættu að sjá strax hvernig best er að standa að veiði á þessum stað. Í litlu vatni liggja laxinn uppi í harðasta strengnum en í vatnavöxtum, og þá einkum á haustin, geti hann legið niður eftir öllum streng. Þarna er hægt að veiða jöfnum höndum á flugu eða maðk.

Nafngiftir veiðistaða í Fáskrúð eru sumar ærið skrautlegar. Næsti staður fyrir neðan Stebbastreng heitir t.d. því „hljómpýða" nafni **Viðbjóður (28)**. Kjartan segist engar skýringar kunna á þessu nafni aðrar en þær að mönnum hafi þótt óaðlaðandi að standa þarna undir þverhníptu berginu og renna í veiðistað þar sem mikið er um festur. Viðbjóður getur ekki talist góður veiðistaður í dag. Þarna féll fylla úr berginu niður á besta tökustaðinn fyrir nokkrum árum. Ólafur J. Þórðarson fékk eitt sinn 16 punda lax á flugu á þessum stað og var það stærsti laxinn sem félagsmaður dró úr ánni það sumar.

Annar veiðistaður, sem lítið hefur gefið, er **Blesa (27)**. Þarna var stór steinn í miðjum strengnum en eftir að hann hvarf í vorleysingum fyrir mörgum árum hefur lítil sem engin veiði verið í Blesu.

Á slóðum nátttrölla

Svæðið, sem komið hefur við sögu hér að framan, er í daglegu tali nefnt efsta veiðisvæðið í Fáskrúð. Næst verður sögunni vikið að miðsvæðinu sem nær frá Efri-Stapa og niður undir Hamrakvörn. Um miðsvæðið má segja að í þurrkum halda flestir veiðistaðanna illa vatni með þeirri undantekningu að Efri- og Neðri-Stapi eru jafnan vel veiðanlegir. Þessir tveir veiðistaðir voru af heimamönnum gjarnan kallaðir Efra- og Neðra-Tröll, enda segir þjóðsagan að þar sem stapamir standa hafi nátttröll leitað skjóls undan dagrenningunni. Kom það fyrir ekki og urðu þau að bæði að steini.

Áhugamönnum um tröll og huldufólk skal einnig bent á að fast við þjóðveginn, skammt sunnan við Ljárskóga, eru tveir steinar sem sagt er að séu bústaður huldufólks. Hefur Vegagerðin horfið frá því að hrófla við steinunum eftir að þráláttra bilana varð vart í tækjunum sem

nota átti til verksins. Rétt er að vekja athygli á því að á korti af Fáskrúð er merktur veiðistaður sem heitir Tvíburi. Sagan segir að tvíburar frá Akranesi hafi eitt sinn sett í lax þarna en Kjartan veit þess engin dæmi að fleiri hafi orðið varir við lax á þessum stað.

- Það hefur verið lítil veiði í Efri-Stapa undanfarið og hið sama má segja um flesta staðina á miðsvæðinu. Ég er þeirrar skoðunar að fyrirkomulag töku klakfisks og seiðasleppinga valdi þar mestu um. Mörg undanfarin ár hefur klakfiskurinn verið

tekinn í Hellufljóti og í Þverá sem rennur í Fáskrúð skammt ofan Hellufljóts. Seiðunum sem klakið hefur verið út, hefur svo verið sleppt á Ólaxgenga svæðið ofan við Katlafoss og Ljárskógavötn. Mér virðist sem að seiðin, sem sleppt er fyrir ofan fossinn, skili sér mest á efstu veiðistaði árinna en stoppi lítið á miðsvæðinu. Seiðin, sem alast upp í Ljárskógavötnum, ganga sem eins eða tveggja ára lax í Þverána í lok september og jafnvel ekki fyrir en í byrjun október. Trúlega gengur þessi lax mun fyrir í ána og hann liggur þá í Hellufljótinu þar til að rétt skilyrði skapast í Þveránni. Hellufljótið var af gömlu mönnunum, sem veiddu í Fáskrúð fyrir á árum, talið mjög góður hrygningar- og uppeldisstaður og mér finnst það jafnvel að dregið sé á þennan stað og hrygningarfiskurinn tekinn þaðan. Það þarf heldur ekki mikla fræðinga til þess að sjá að með því að taka klakfiskinn aðeins á þessum tveimur stöðum, eins og gert hefur verið, þá er mjög mikil hættu á því að útkoman verði ákaflega einsleit. Þetta held ég að miðsvæði Fáskrúðar líði fyrir í dag. Hér áður fyrir var hægt að ganga að því vísu að það væri fiskur í Stöpunum og stöðum eins og Víðikeri og Hamrakvörn lengst af sumri.

Staðir eins og Eirkvörn, Tjaldkvörn og Gullkvörn héldu einnig fiski ágætlega en nú fæst varla orðið lax á þessum stöðum nema menn setji í lax sem er í göngu, segir Kjartan með áhersluþunga. Í **Efri-Stapa (26)** er helsti tókustaðurinn í sjálfum strengnum. Kjartan segir gott að kasta flugu frá norðurbakkanum og þarna segist hann hafa fengið nokkra flugulaxa. Í botni er móhella sem endar í töluverðu dýpi. Þarna eru djúpar rennur í botninum og þar getur laxinn haldið sig. Gott er að skyggna staðinn og í meðalvatni og litlu vatni ættu veiðimenn að geta gengið úr skugga um hvort það taki því að reyna þarna veiðar.

Jóka

Jóka (25) nefnist næsti merkti veiðistaður fyrir neðan Efri-Stapa. Þar segist Kjartan stundum renna en þetta geti ekki talist góður veiðistaður. Botninn er grýttur og þarna eru erfiðar festur sem ergt geta maðkaveiðimenn en fluga fer þarna nokkuð vel. Skammt neðan við Jóku er **Víðiker (24)**. Þessi fallegi veiðistaður leynir sér ekki þegar ekið er með ánni. Kjartan segir að þarna sé besti tókustaðurinn út af og fyrir neðan klöpp við norðurlandið þar sem strengurinn er að deyja út. Gott er að kasta flugu frá eyrinni að sunnanverðu en fyrir maðkaveiðimenn er best að vaða út í ána fyrir ofan strenginn og renna maðkinum niður. Eiríkur St. Eiríksson var þarna við veiðar í byrjun júlí fyrir nokkrum árum í góðu vatni. Þá var töluvert af laxi í Víðikeri. Þeir félagarnir settu þarna í þrjá laxa og náðu tveimur, 10,5 og 12 punda, en nauðsynlegt reyndist að hvíla staðinn vel á milli þess sem reynt var við laxinn. Þá lá lax niður eftir öllu Víðikeri og stór lax sást stökkva neðst á breiðunni. Kjartan segir Víðikeri í seinni tíð aðallega vera vorveiðistað og þar fáist orðið lítið af laxi þegar komið sé fram yfir mitt sumar. Víðiker hafi þó verið talið góður hrygningar- og uppeldisstaður hér áður fyrir en ekki sé hægt að útiloka að hylurinn hafi spillt af einhverjum ástæðum. Fyrir neðan Víðiker fellur áin í hörðum strengjum og er helsta veiðivonin á þessu svæði í svonefndum **Matarpollum (23)**. Laxinn liggur helst fyrir ofan og neðan stein sem er í miðri ánni, rétt ofan við þann stað þar sem áin breiðir úr sér og fellur í kvíslum milli grjóthryggja. Í fljótu bragði mætti ætla að þetta væri aðallega göngustaður en Kjartan segir að sumarið 1996 hafi hann fengið þarna leginn lax og þá hafi verið þó nokkuð af laxi á þessu svæði.

Silfurkvörn (22) hefur verið slakur veiðistaður hin síðari ár og Kjartan telur að staðurinn hafi spillt í leysingum. Helsta veiðivonin er við klöpp úti í miðri ánni.

Neðri-Stapi (21). Þarna er aðal veiðistaðurinn dálítið fyrir ofan stapann. Þessi staður er frekar mishittinn undanfarin ár en áður fyrir lá þarna töluvert af laxi allt sumarið. -Ég kom þarna einu sinni seint um haust og þá voru legnir fiskar að stökkva um allan staðinn. Mér þykir gott að kasta þarna flugu og það er aðeins hægt frá suðurlandinu.

Fýla, Veiðileysa og Hávaði!

Út af Neðri-Stapa er veiðistaðurinn **Leynir (20)**. Þetta er lítill staður og mjög viðkvæmur og þarna er helst von til þess að fá lax þegar hann er að ganga upp ána. Laxinn stansar örugglega ekki lengi á þessum stað. **Rauðka (19)** er annar lítill og viðkvæmur staður skammt neðan við stapann. Nafnið dregur staðurinn af rauðum flekkjum í botninum. Þarna eru harðir strengir og helst er von til þess að setja í fisk í göngu. **Skrúður (16)** er heitið á næsta stað og eru aðstæður mjög svipaðar og í Rauðku.

Fýla (17) heitir staður, sem Kjartan segir að hafi verið nokkuð drjúgur hér fyrir á árum, en þar hafi lítið fengist af laxi hin síðari ár. Má segja að staðurinn beri því nafn með réttu um þessar mundir.

Gullkvörn (18) var ágætur veiðistaður í eina tíð en það sama á við hann og flesta aðra staði á miðsvæðinu. Þar hefur vantað lax. Gullkvörnin er fallegur flugustaður en það hrekkur skammt þegar laxinn vantar.

- Annars getur Gullkvörnin geymt fisk þótt hann sjáist ekki þegar veiðimenn skyggna hylinn. Ég var þarna með félagamínunum í glampanði sól og blankalogni fyrir nokkrum árum og við töldum okkur vera búna að skyggna allan staðinn. Við sáum hverja steinvölu í botninum en engan lax. Af einhverri rælni kastaði félagi minn þó devon í kvörnina og það var lax á með það sama.

Veiðileysa (15) er neðan við Gullkvörn og er lítið annað um þann stað að segja en að nafnið hæfi honum fullkomlega.

Eirkvörn (14) er einn af laglegri veiðistöðunum á þessu svæði og þar hefur oft fengist þó nokkuð af laxi þegar hann er í göngu upp ána. Staðurinn er lítill og hefur maðkurinn oft gefið góða veiði.

Hávaði (13) er skammt neðan við Eirkvörn. Þarna er nokkuð djúpt ker og sum ár gaf þessi staður átta til tíu laxa á sumri. Stundum hefur gefið góða raun að renna maðki í hvítfyssið efst í strengnum en þá skipti miklu máli að sakka rétt.

Tjaldkvörn (12) fengust nokkrir laxar sl. sumar. Nafnið dregur staðurinn af því að fyrst eftir að Akurnesingar fóru að veiða í Fáskrúð þá slógu þeir gjarnan upp tjöldum sínum skammt frá þessum stað. Þarna er þverhnípi að norðanverðu og sjálfur veiðistaðurinn er ákaflega glær þannig að það ætti ekki að vefjast fyrir mönnum að skyggna hylinn.

Hamrkvörn (11) er neðsti veiðistaðurinn á miðsvæðinu. Þarna fellur áin undir bröttum hamri við suðurlandið. Þetta var góður veiðistaður í eina tíð en undanfarin ár hefur hann verið fullur af mól og veiðivon hefur að sama skapi verið lítil. Hamarskvörnin er aðallega maðkastaður en þó er vel hægt að kasta flugu á strenginn frá norðurbakkanum.

Hellufljót hefur oft gefið ævintýralega veiði

Efstu veiðistaðirnir á neðsta svæðinu heita **Hrafnakvörn (10)** og **Ármótastrengur (9)** og eiga þeir það báðir sameiginlegt að þeir mega muna sinn fífil fegri. Hrafnakvörn er varla veiðistaður og Ármótastrengur er sömuleiðis mjög lélegur. -Ármót Þverár og Fáskrúðar eru nú nokkru fyrir neðan Ármótastreng. Það gerði óskaplegar hamfarir í Þveránni fyrir nokkrum árum, sennilega hefur klakastífla brostið einhvers staðar í ánni, og við það sópaðist eyrin við Þverána fram með miklum látum. Nú er stærðar malarhryggur þar sem áður voru ármótin. Þarna var mjög fallegur flugustaður og hafa fengist þar grútlegnir fiska á flugu á haustin. Það eina góða við hamfarirnar var að það myndaðist laglegur pollur neðarlega í Þveránni og þar hefur fengist lax er líða tekur á sumarið. Annars gengur laxinn seint upp í Þverána eins og áður hefur verið nefnt.

Hellufljót (8), sem er skammt neðan við veiðihús Stangaveiðifélags Akraness, hefur í árána rás verið besti veiðistaðurinn í Fáskrúð. Þetta er jafnframt stærsti veiðistaðurinn í ánni og sá sem mest er veiddur.

-Hellufljótíð er þó ekki alltaf aflahæsti staðurinn. Ég sagði það fyrir nokkrum árum að ég væri fullkomlega sáttur við það þótt ég fengi bara að veiða í Hellufljóti og ég gæti unað mér þar allan daginn. Þetta var á þeim árum sem þessi veiðistaður gaf um 25% af heildarveiðinni í Fáskrúð. Árið 1992 veiddust t.d. 84 af 330 löxum úr Fáskrúð í Hellunni og árið á eftir var hlutfallið 61 lax á móti 213 laxa heildarveiði. Gömlu mennirnir sögðu reyndar að Hellufljótið væri ómögulegur veiðistaður eftir að útfallið úr hylnum færðist nær suðurbakkanum og þeir vildu að farvegurinn yrði lagaður með jarðýtu, segir Kjartan en hann segir það gilda einu hvort veitt sé á flugu, maðk eða spón í Hellufljóti þótt hann telji sjálfur að þar fari fluga best. Laxinn getur legið mjög víða í fljótinu. Efst er strengur, sem rennur niður með klettinum, og gefst oft vel að renna maðki. Undir klettsnefinu er móhella í botni og nær hún út undir miðjan strenginn og langt niður í fljótið. Laxinn liggur stundum uppi á hellunni fyrir neðan klettsnefið, einkum snemma morguns eða á kvöldin, en hann getur líka legið við brún móhellunnar og í öllum hylnum niður undir grynningamar. Fluguveiðimönnum er ráðlagt að vaða yfir ána nokkuð fyrir neðan hylinn og kasta flugunni frá eyrinni að norðan. Laxinn tekur fluguna stundum í fyrsta kasti beint út af nefinu en Kjartan segir að hann hafi fengið flesta flugulaxana þar sem strengurinn beygi við móhelluna niður undir miðjum hyl.

-Við fengum fimm laxa í Hellufljóti síðustu veiðidagana eitt haustið, fjóra á flugu og einn á spón. Annað haust vorum við að loka ánni og vorum þrír saman við veiðamar. Það var glampanði sól og við töldum því litla veiðivon í Hellufljóti. Einn okkar fór þar af leiðandi niður í Miðfljót og fékk þar strax lax á Night Hawk nr. 6. Hann beið síðan eftir að skuggi kæmi á Hellufljót íð og þá fékk hann strax lax, segir Kjartan en hann segir að mesta ævintýrið, sem hann hafi orðið vitni að við veiðar í Hellufljóti, hafi átt sér stað um miðjan ágúst árið 1992.

-Það var einn óseldur dagur í ánni og við ákváðum fjórir félagar að kaupa þennan dag með skömmum fyrirvara. Við vorum seinir fyrir og ekki byrjaðir að veiða fyrr en um klukkan fimm um daginn. Það var ákveðið að Ingi Steinar Gunnlaugsson myndi veiða á neðsta svæðinu og hann byrjaði veiðamar í Happastreng. Þar fékk hann tvo laxa og síðan hélt hann upp í Hellufljót. Þegar við komum til hans um áttaleytið um kvöldið var hann kominn með níu laxa, þar af sjö úr Hellufljóti, og vógu þeir frá 4 og upp í 20 pund. Sjálfur fékk ég tvo laxa í Laxhyl þennan eftirmiðdag og missti þrjá. Daginn eftir fékk Ingi Steinar sex laxa í beit í Laxhyl og þegar við hættum veiðum um hádegisdag vorum við komnir með 24 laxa. Þar af fékk Ingi Steinar 16 laxa og hann mátti því una glaður við sinn hlut, segir Kjartan en þrátt fyrir að hann og félagar hans hafi átt

ævintýrlegan veiðidag við Fáskrúð að þessu sinni þá er þetta alls ekki mesta veiðin sem sögur fara af í ánni. Kjartan segir að mest hafi fengist rómlega 60 laxar á tvær stangir á tveimur dögum í Fáskrúð. Þar áttu hlut að máli tveir bræður sem nú eru látnir fyrir allmörgum árum. Sagan segir að bræðurnir, sem báðir voru trésmiðir, hafi ekki haft pláss fyrir allan laxinn í bíl sínum og þeir hafi því brugðið á það ráð að smíða kassa undir hluta af aflanum. Var kassanum komið fyrir á toppgrind bilsins. Sjálfur segist Kjartan hafa verið í holti sem fékk 30 laxa eftir tveggja daga veiði í ágúst 1988. Trúlega hefur þó enginn veiðimaður fengið fleiri laxa á eina stöng á einum degi í Fáskrúð en Runólfur Hallfreðsson, útgerðarmaður á Akranesi. Þetta gerðist fyrir allmörgum árum og fékk Runólfur alls 36 laxa á stöngina. Í samtali, sem undirritaður átti við hann í fyrir nokkrum árum, sagðist Runólfur hafa gengið með allri ánni þennan dag og í för með honum var níu ára gamall drengur. Laxinn tók grimmt og sagðist Runólfur hafa verið orðinn örmagna þegar ævintýrinu lauk.

Lúsugur en grútleginn lax

Happastrengur (7) er næsti veiðistaður fyrir neðan Hellufljót. Laxinn á það til að liggja alveg neðst í strengnum. Þessi staður gefur aðallega lax á göngutíma og gildir einu hvort notaður er maður eða fluga við veiðina.

Miðfljót (6) gefur sjaldan mikið, en leynir mjög á sér. Þetta er fallegur flugustaður og gaman að veiða þarna sé lax í hylnum.

Fljótastrengur (5) Þessi staður var þokkalegur í eina tíð en gefur nú litla sem enga veiði. Kjartan vekur athygli á því að á veiðikortinu, sem gefið var út fyrir nokkrum árum, hafi nöfnin á Fljótastreng og Happastreng víxlast og eru veiðimenn beðnir að athuga það.

Neðstafljót (4) er lygn og nokkuð djúpur staður sem stundum hefur gefið laxa. Þarna er klöpp við suðurlandið og liggur laxinn helst neðan við klöppina.

Bakkastrengur (3) er grunnur og ekki gjöfull staður. Fyrir neðan staðinn eru tvær til þrjár holur og þar getur stundum legið lax. Sennilega líður Bakkastrengur fyrir það í veiðiskýrslum að þangað er nokkur gangur, veiðialag er örugglega ekki mikið.

Efri-Brúarstrengur (2) er undir gömlu brúnni á Þjóðveginum. Þar fengu Kjartan og félagi hans einu sinni sjö laxa í beit á maðk. Þá var stór laxatorfa í hylnum og segir Kjartan að þar hafi kraumað eins og í potti þegar laxinn strikaði um hylinn. Laxana lögðu félagamir á klöpp við brúna og skapaði það um tíma umferðaröngþveiti þegar vegfarendur sáu þessa fallegu veiði. Laxinn tók neðarlega í strengnum en í miklu vatni getur hann legið fast við brúarstöpulinn.

Neðri-Brúarstrengur (1) er rétt ofan við nýju brúna. Þessi staður fylltist af mól fyrir nokkrum árum en oft má sjá laxa fyrir neðan brúna og þá helst á stórstraumsflóði, en nokkrir laxar hafa verið skráðir sem veiddust alveg niður undir ósnum. Um báða þessa staði má segja að þar getur verið veiðivon allt sumarið. Oftar en ekki hafa veiðst grútlegnir en lúsugir laxar við brýrnar og virðist því eitthvað af laxinum liggja í þaranum í ósnum hluta úr sumri áður en hann gengur upp í ána. Skammt norðan við ósinn er selalátur og segist Kjartan oft hafa séð selinn eltast við laxinn í ósnum. Sjálfur hafi hann þó aldrei veitt selbitinn lax í Fáskrúð en enginn vafi leiki á því að selurinn taki þarna sinn toll.